



Persónuverndarstefna ÍBH





1. Almenn

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar kt: 670169-0229, Strandgötu 53, 220 Hafnarfirði (einnig vísað til „ÍBH“), ætlar að vernda persónuupplýsingar í starfsemi sinni og tryggja trúnað, áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga sem ÍBH vinnur með. Á þeim grundvelli hefur ÍBH sett sér persónuverndarstefnu sem lýsir vinnslu ÍBH á persónuupplýsingum og leggur áherslu á mikilvægi þess að vinnsla persónuupplýsinga sé gagnsæ, sanngjörn og lögmæt.

ÍBH leitast við að uppfylla þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni. Stefna þessi er byggð á gildandi persónuverndarlögum, þ.e. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir nefnd persónuverndarlög). Þegar vísað er til „ÍBH“ í stefnu þessari er einnig átt við nefndir á vegum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.



2. Um hverja safnar ÍBH persónuupplýsingum?

ÍBH leggur áherslu á að meginreglur persónuréttar séu virtar og ávallt hafðar í huga þegar persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar. Meginreglur persónuréttar fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar og að unnið sé með þær samkvæmt skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi. Gæta skal hófsemi við skráningu persónuupplýsinga.

Starfsemi ÍBH er þess eðlis að það er óhjákvæmilegt að persónuupplýsingum sé safnað um mismunandi hópa einstaklinga. Sem dæmi um hópa einstaklinga sem ÍBH safnar persónuupplýsingum um eru: starfsmenn og starfsumsækjendur; styrkþegar ýmissa styrkja sem ÍBH veitir; stjórnarmenn ÍBH; þátttakendur á námskeiðum á vegum ÍBH; iðkendur, félagsmenn og þjálfara aðildarféлага.



3. Hvaða persónuupplýsingum er safnað?

ÍBH meðhöndlar meðal annars eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga í starfsemi sinni:

- Ljósmyndir af gestum á viðburðum, fræðslufundum og þingum.
- Þjálfaramenntun þjálfara aðildarfélaga.
- Starfsmenn og starfsumsækjendur.
- Umsækjendur um styrki.
- Iðkendur og félagsmenn.
- Stjórnarmenn ÍBH.
- Upplýsingar tengdar nefndum ÍBH.

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eru gerðar viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinganna.



4. Á hvaða grundvelli safnar ÍBH persónuupplýsingum?

ÍBH vinnur persónuupplýsingar í þágu starfseminnar og er tilgangurinn meðal annars að tryggja lögbundið hlutverk, sem er m.a. að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi í Hafnarfirði. ÍBH safnar einnig persónuupplýsingum á grundvelli samninga.



5. Varðveislutími

Meginhluti þeirra upplýsinga sem safnað er í starfsemi ÍBH eru geymdar ótímabundið enda hafa þær sögulegt gildi fyrir íþróttahreyfinguna.





6. Öryggi persónuupplýsinga

ÍBH leitast við að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar og tekur í því samhengi tillit til eðlis upplýsinganna sem um ræðir og umfangs. Verði öryggisbrestur sem hefur í för með sér áhættu fyrir einstaklinga mun ÍBH tilkynna slíkt án tafar til Persónuverndar.



7. Miðlun persónuupplýsinga og notkun vinnsluaðila

ÍBH kann að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila vegna ýmissa ástæðna. Um þjónustu- eða samstarfsaðila getur verið að ræða sem hefur aðgang að persónuupplýsingum sem ÍBH ber ábyrgð á í tengslum við veitingu þjónustu eða til að ljúka við verkefni. Þegar vinnsluaðilar eru notaðir til að ljúka ákveðnu verki eða veita þjónustu tryggir ÍBH að aðeins sé veittur aðgangur að persónuupplýsingum sem nauðsynlegt er vegna verksins og að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem tryggja öryggi upplýsinganna og virða reglur Persónuverndar.



8. Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar eiga rétt á því að vita hvaða persónuupplýsingar ÍBH vinnur um þá og geta beint fyrirspurn um það til ÍBH. ÍBH mun verða við öllum beiðnum einstaklinga innan mánaðar frá viðtöku. Sé beiðni umfangsmikil eða flókin getur orðið töf á afgreiðslu. Tilkynnt er um slíkt og skýring gefin á töfinni. ÍBH mun krefjast auðkenningar áður en erindi eru afgreidd.



9. Fyrirspurnir og kvartanir til Persónuverndar

Öllum fyrirspurnum í tengslum við persónuvernd hjá ÍBH eða persónuverndarstefnu þessa skal senda á netfang ÍBH.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu ÍBH á persónuupplýsingum og afgreiðslu erinda er hægt að kvarta til Persónuverndar og má finna upplýsingar um slíkt ferli inn á heimasíðu Persónuverndar

www.personuvernd.is.



10. Breytingar á persónuverndarstefnunni

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu ÍBH, www.ibh.is.

Þessi útgáfa var samþykkt af stjórn ÍBH þann 5.10.2022.



Takk fyrir

